



Kópavogsbær

Digranesvegur 1  
200 Kópavogur  
Sími 441 0000  
kopavogur.is

## Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur

Borgartún 12-14  
105 Reykjavík

Kópavogi, 8. október 2020  
2006264/510.02 BÓK

### Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030. Nýi Skerjafjörður.

Á fundi skipulagsráðs 5. október 2020 var lagt fram erindi Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar dags. 16. september 2020 þar sem kynnt er tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Borgarráð Reykjavíkur sambýkkti þann 2. júlí 2020 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030, samkvæmt 1. mgr. 36. gr. sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010. Tillögunni fylgir umhverfisskýrsla, sbr. lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Breytingartillagan nær til landsvæðis austan núverandi íbúðarbyggðar í Skerjafirði og varðar meðal annars breytta landnotkun, fjölgun íbúða, breytta legu stíga og breytt umfang fyrirhugaðrar landfyllingar. Í meginatriðum felst breytingin í því að landfylling er minnkuð um rúma 2 ha og lagt til að hún verði formuð og aðlöguð eins og kostur er að hinni náttúrulegu strandlengju. Heimildir um fjölda íbúða er hækkaður úr 800 íbúðum í 1300, m.a. til að skapa tryggari grunn að sjálfstæðu skólahverfi.

Skipulagsráð Kópavogs bókar: Í kynntri tillögu að breyttu Aðalskipulagið Reykjavíkur 2010-2030, Nýi Skerjafjörður er gert ráð fyrir fyllingu út fyrir dælustöð Skerjafjarðarveitu. Það mun þýða að annaðhvort þurfi að færa dælustöðina og lagnir henni tengdar eða lengja yfirfallslögn lengra út í Skerjafjörð. Enn fremur er í tillögunni gert ráð fyrir verslunar- og þjónustukjarna og íbúabyggð með 2ja til 5 hæða húsum sem gera má ráð fyrir að verði með bílastæðakjallara, þar sem núverandi lögn Skerjafjarðarveitu liggr. Kópavogsbær setur það sem skilyrði að færsla eða breytingar á lögn eða öðrum mannvirkjum tengt Skerjafjarðaveitu verði að öllu leiti kostaðar af Reykjavíkurborg og ekki af þeim aðilum sem standa að Skerjafjarðarveitu.

Virðingarfyllst,  
fh. skipulagsstjóra

Berglind Kjartansdóttir  
Berglind Ósk Kjartansdóttir  
Ritari